

FORSÆTISNEFND 14. september 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Flokks fólksins um vinnuástöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12 - R14010250

Óskað er upplýsinga um starfsaðstöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12 í ljósi þess að farið var í miklar breytingar á húsinu vegna fjölgunar borgarfulltrúa. Breytingarnar voru taldar nauðsynlegar svo hægt væri að útvega öllum borgarfulltrúum starfsaðstöðu. Nú er hins vegar komið í ljós að þar eru ekki nema

15 skrifborð þannig að ekki hafa allir borgarfulltrúar né 1. varaborgarfulltrúar starfsaðstöðu á Tjarnargötu 12. Fyrir breytingar voru þar 15 skrifborð svo vandséð er hvers vegna var farið í kostnaðarsamar breytingar úr því ekki er hægt að koma fyrir fleiri borgarfulltrúum þar. Er ætlunin að bjóða öllum borgarfulltrúum upp á ákjósanlega starfsaðstöðu?